VESTFIRÐIR

14. tölublað
8. árgangur

— 12. DESEMBER 2019 —

Myndin er af Hólskirkju í Bolungavík. Myndin var tekin um síðustu jól og sýnir vel hið einstæða útsýni af Hólnum, Óshyrnan í baksýn og kletturinn Þuríður. Mynd: Kristinn H. Gunnarsson. Blaðið Vestfirðir sendir lesendum sínum og Vestfirðingum öllum bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár með þökkum fyrir það sem er að líða.

VERK VEST
Virkt afl á vinnumarkaði
Upplýsingar um kjaramál á verkvest.is

GARÐSTAÐIR:
600 – 700 BÍLHRÆ OG ÞEIM FER STÖÐUG FJÖLGANDI

Hafliði Halldórsson frá Ögri telur að 600 – 700 bílhræ séu á Garðsstöðum og stöðugt aðstreymi sé af alls konar úrgangi víðs vegar að, þar með talið utan Vestfjarða. Hafliði sagðist telja að fyrir rúmum 20 árum hafi verið um 30 bílhræ á Garðsstöðum en svo hafi þeim fjölgað mjög hratt og stöðugt bætist við. Hafliði er í forsvari fyrir eigendur að Ögri og ferðaþjónustunni þar og hefur ritað bréf til Heilbrigðisnefndar Vestfjarða og sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps þar sem gerðar eru alvarlegar athugasemdir við söfnun á Garðstöðum og áform sveitarstjórnar um breytingu á aðalskipulagi hreppsins þar sem á Garðstöðum er landbúnaðarsvæði breytt í iðnaðarsvæði.

Hafliði segir að setja þurfi mörk á söfnunina annars muni ruslahaugurinn sem er á Garðstöðum stöðugt vaxa. Hann segir að rökstuddur grunur sé uppi um að fyrirtæki, þar á meðal á Vestfjörðum, sjái sér hag í því að losna við efni og annan úrgang á ódýran hátt með því að koma því inn í Djúp. Meðal annars flutti Björgunarfélag Ísafjarðar í vor bátinn Guðný ÍS inn að Garðstöðum. Talið er að brenna eigi bátinn þar.

Heilbrigðisnefnd Vestfjarða ræddi erindi Hafliða Halldórssonar á fundi sínum á föstudaginn og frestaði umræðu um það til næsta fundar, sem ráðgerður er fyrir áramót.

„Heilbrigðisnefnd og starfsmönnum Heilbrigðiseftirlitsins er ljós sú nauðsyn á umræðu um umhverfismál er fram koma í erindi eigenda Ögurs. Augljóslega gætir töluverðs miskilnings er fram kemur í erindum eigenda Ögurs sem borist hafa eftirlitinu undanfarið. Ljóst er að viðfangsefnið er flókið úrlausnar og er fyrst og fremst á forræði sveitarfélaga við Djúp. Vegna þessa er frekari umræðu um málið frestað til næsta fundar.“

Á fundinum veitti nefndin leyfi fyrir þrettándabrennu á Garðstöðum, tímabundið til 4. jan. 2020.

Kjóll
2599,-
Klárаðu jólagjafirnar
á lindex.is
LINDEX

LEIÐARI

Eftirlit með útgerðarfyrirtækjum í molum

Fyrir réttu ári skilaði Ríkisendurskoðun skýrslu til Alþingis um eftirlit Fiskistofu. Þar kemur fram:

Eftirlit Fiskistofu með vigtun sjávarafla, hvort heldur sem er á hafnarvog eða hjá aðilum sem hafa leyfi til endur- eða heimavigtunar, er ófullnægjandi og efast má um að það skili tilætluðum árangri.

Eftirlit stofnunarinnar með brottkasti er veikburða og ómarkvisst. Raunverulegur árangur þess er auk þess á huldu.

Ekki verður séð að Fiskistofa kanni hvort yfirráð tengdra aðila í sjávarútvegi yfir aflahlutdeildum sé í samræmi við það hámark sem er skilgreint í lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

Í stuttu máli þá hefur Fiskistofa hefur brugðist í öllum þremur verkefnunum sem hún á að sinna. Ófullnægjandi, veikburða og sinnir ekki eftirliti. Þetta er þreföld falleinkunn. Stofnunin veldur ekki hlutverki sínu.

Vigtun: eftirlit takmarkað og ófullnægjandi

Um vigtunina segir Rikisendurskoðun að árin 2013-17 hafi eftirlit Fiskistofu, þar sem fulltrúi stofnunarinnar stóð yfir vigtun hjá vigtunarleyfishöfum, náð að meðaltali til innan við hálfs prósents af lönduðum afla hér á landi. Framkvæmd vigtunar á hafnarvog er misjöfn og ekki ávallt í samræmi við lög og fyrirmæli stjórnvalda. Þá segir orðrétt í skýrslunni: „Á grundvelli þeirra gagna og upplýsinga sem Ríkisendurskoðun aflaði er ljóst að eftirlit Fiskistofu með vigtun sjávarafla, hvort heldur sem er á hafnarvog eða hjá aðilum sem hafa leyfi til endur- eða heimavigtunar, er takmarkað og efast má um að það skili tilætluðum árangri.“

Brottkast: eftirlit takmarkað, veikburða og ómarkvisst

Álit Ríkisendurskoðunar varðandi eftirlit með brottkasti er líka áfellisdómur yfir Fiskistofu, sem og atvinnuvegaráðuneytinu og Hafrannsóknarstofnun. Bent er á að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið telji að brottkast sé óverulegt innan íslenska fiskveiðiflotans þrátt fyrir þá sterku hagrænu hvata sem eru til staðar. Þarna er einfaldlega bent á að ráðuneytið setji kíkinn fyrir blinda augað og láti eins og að í sjávarútvegi notfæri menn sér ekki auðsóttan fjárhagslegan ávinning sem brottkast og vanvigtun felur í sér. Þessi afstaða ráðuneytisins, sem er auðvitað afstaða pólitísks ráðherra, fellur meira undir trúarbrögð en staðreyndir. Látið er eins og að kvótakerfið sé hin fullkomna stjórnun og handhafar kvótans séu samfélag heilagra. Enda er talið að við þessar útópísku aðstæður þurfi ekkert eftirlit.

Ríkisendurskoðun slær þessa bábilju út af borðinu með þessum orðum: „Hafrannsóknastofnun hefur ekki ráðist í neinar rannsóknir á tegundaháðu brottkasti í rúman áratug auk þess sem gagnasöfnun um lengdarháð brottkast hefur dregist talsvert saman undanfarin ár. Í ljósi þessa og að eftirlit með brottkasti er afar takmarkað, veikburða og ómarkvisst er ekki tilefni til fullyrðinga um umfang þess. Taka verði alvarlega áhyggjur og vísbendingar um að brottkast sé stundað.“

Samþjöppun ekki könnuð

Ríkisendurskoðun segir að eftirlit Fiskistofu með samþjöppuninni sé fólgið í því að taka við tilkynningum frá handhöfum aflaheimilda og „verður ekki séð að Fiskistofa kanni yfirráð tengdra aðila yfir aflahluteildum með markvissum og reglubundum hætti í samræmi við ákvæði 13. gr. laga um stjórn fiskveiða.“

Mwð öðrum orðum: eftirlitsstofnunin treystir á tilkynningar frá þeim sem hún á að hafa eftirlit með. Punktur.

Engin viðbrögð ráðamanna

Ríkisendurskoðun lagði fram tillögur til úrbóta svo Fiskistofa mynda sinna sínu hlutverki. Vigtunin yrði færð undir forræði Fiskistofu og endurviktunin tekin til rækilegrar endurskoðunar. Aðvitað þarf að skilja að vigtun og kvótahafann. Það blasir við að freistnivandinn er mikill þegar sá sem nýtir kvótann hefur yfirráð yfir vigtuninni. Sérhver Íslendingur man söguna af valdi dönsku faktoranna þar sem þeir sögðu búðarþjónum sínum að vigta vöru íslendinganna „rétt.“ Þá setti Ríkisendurskoðun fram tillögur varðandi brottkastið og samþjöppunina.

Nú er liðið heilt ár frá því að Ríkisendurskoðun setti fram skýrslu sína. Ekkert hefur gerst sem nálgast það að framfylgja tillögum stofnunarinnar. Enn eru tugir stórra útgerðarfyrirtækja sem vigta „rétt“ og hafa til þess töluvert svigrúm. Enn er brottkast ekki viðurkennt og enn fá valdir útgerðarmenn að valsa um auðlinda og safna æ stærri hlut af henni undir veldi sitt.

Þarfasti þjónninn

Það þarf ekki mikið pólitískt innsæi til þess að átta sig á því hvers vegna ekkert gerist. Það er óttinn við útgerðarvaldið. Atgangur Samherja gagnvart fyrrverandi Seðlabankastjóra eru skýrasta dæmið. Fleiri stórfyrirtæki í atvinnugreininni sýna af sér viðlíka hegðun og valsa um eins og ríki í ríkinu. Bæði eftirlitsstofnanir og rannsóknarstofnanir í sjávarútvegi eru skjálfandi undir hæl ófyrirleitna valdsins og ráðherrar, einkum sjávarútvegsráðherrar, hafa einn af öðrum í langri röð verið eins og þarfasti þjónn handhafa veiðiheimildanna og leyfa þeim að meðhöndla þær sem sína eign. Svo yfirgengileg er þjónustulundin að Ríkisendurskoðun er nóg boðið og bregst við eins og Skúli forðum og vill láta vigta rétt, í þágu þjóðarinnar. Það eru orð í tíma töluð

Kristinn H. Gunnarsson

JÓLASÖLUBORÐ ÚTHVERFU 14. – 23. desember 2019

Dagana fyrir jól verður Gallerí Úthverfa / Outvert Art Space með sölusýningu á verkum myndlistar- og handverksfólks.

Þátttakendur á sýningunni verða m.a.:

Björg Elínar Sveinbjörnsdóttir - prent
Deborah – skartgripir úr perlum
Einar Viðar Guðmundsson Thoroddsen - grafíkverk
Erika Irmler - ljósmyndir
Heiðrún Viktorsdóttir - teikningar
Marsibil G. Kristjánsdóttir - listaverk og handverk
Nína Ivanova -
Ólöf Björk Oddsdóttir - keramík
Ómar Smári Kristinsson -
Pétur Guðmundsson -
Rannveig Jónsdóttir -
Solveig Edda Vilhjálmsdóttir – málverk og teikningar
Una Gunnarsdóttir – málverk
Zuzu Knew – ýmislegt

Auk þess verða til sölu bækur úr Listaverkabókabúð Úthverfu, þar á meðal eru ljóðabækur Eiríks Arnar Norðdahl.

Sýningin opnar á laugardag 14. desember kl. 16 og verður opin daglega kl. 16-18 og eitthvað lengur frameftir á Þorláksmessu.

ATH. Því miður er enginn posi á staðnum en peningamaskínan er ekki langt undan!

Vestfirska vísnahornið

Þegar gengið er frá vísnaþættinum er vonskuveður yfirvofandi og fjölmiðlar hafa dregið upp dökka mynd af því sem framundan er.

Jón Atli Játvarðsson, Reykhólum var enn að bíða þegar hann orti þessa vísu:

Óveðrið mér orku ljær,
enn er bjart og þurrt.
Veðrið sem að var í gær
þó víðast rekið burt.

Indriði á Skjaldfönn orti líka um veðurhorfurnar og kallar vísuna veðrahroll. Má þar greina að honum þyki lýsingarnar vera nokkuð stórkallalegar:

Nú er spáin rosa rauð,
rekkum veldur sorgum.
Eflaust verðum allflest dauð
er aftur kemur morgun.

Indriði sótti til Ísafjarðar útför vinar síns í lok síðasta mánaðar. Gefum honum orðið:

Í dag var ég við útför aldavinar míns, öðlingsins Halldórs Friðbjörnssonar. Ísafjarðarkirkja var þétt setinn og meðal viðstaddra var Guðni forseti sem tók mig tali. Orð hanns og persóna eru fullkomlega einar vísu virði og þó Davíð segi í Mogga að Guðni sé forseti Rúv tökum við ekki mark á svoleiðis geðvonskuþusi.

Forsetanum fagna kann,
fyrst ég tjái í þessum línum.
Í sorg og gleði situr hann
hjá sómakærum vinum sínum.

Víkjum nú að þjóðmálunum. Indriði á Skjaldfönn hefur þetta um fjármálaráðherrann að segja.

Löngum er ég lít á hann
lýst mér það á tæru
að þar eigum einn með sann
úlf í sauðargæru.

Það bárust stuðningsyfirlýsingar frá pólskum stjórnvöldum við málstað ríkisstjórnarinnar varðandi skipun Landsréttardómara sem innlendir dómstólar settu hornin í og ákveðið var að áfrýja til Mannréttindadómstólsins í Strassborg. Reyndar varð dómsmálaráðherrann ungi ekkert upprifin yfir stuðningnum frá Pólllandi og enn síður Indriði:

Niðurstaðan skörp og skýr.
Skelfing reynist Sigga dýr
og afleiðingin ekki góð
ef við fetum pólska slóð.

Þá er það Samherjamálið og mútur nar í Namibíu. Indriða líst ekki á málstaðinn hjá þeim fóstbræðrum Þorsteini Má og Kristjáni Þór Júlíussyni, sjávarútvegsráðherra:

Tugthússdyra gliðnar gátt,
gæti Steini lent þar brátt,
en á þingi alveg sljór
áfram situr Kristján Þór.

Þessa limru nefnir Indriði hákarlaveiðar:

Hjá Samherja er samviskan fín
og sólin í Afríku skín,
en Helgi okkar Seljan
er alltaf að kveljan
og ætti að skammast sín.

Nú var Indriði kominn í ham og bætti við með því að stæla þekkta vísu Bólu-Hjálmars:

Illt er að sjá í einni lest
auðvaldsgerpin, roggin flest,
þjóðarauðs á háum hest.
Herjans leggur af þeim pest.

Fjármálaráðherrann Bjarni Benediktsson sagði í umræðu um stöðu einkarekinna fjölmiðla gagnvart RÚV að „Mönn¬um finnst dá¬lítið eins og Rík¬is¬út¬varpið fljóti um á vind¬sæng með sólgler-augu meðan all¬ir aðilar á einka¬markaði eru að berj¬ast í bökk¬um.“

Indriði greip þessi ummæli á lofti og orti um „brandara Bjarna“:

Af því varla yrði sút
eftir fyrri kynni,
þó að hákarl biti bút
úr Bjarna á vindsænginni.

Sláum botn í þennan síðasat vísnaþátt ársins með þessum orðum. Þau eru ef til vill viðeigandi að nokkru leyti því æ fleiri kjósa að fljúga til sunrænna landa yfir jólin og njóta þess að fljóta um á vindsæng í sól og sælu.

Sendi góðar kveðjur til lesenda þáttarins og þakka fyrir samfylgdina á árinu.

Kristinn H. Gunnarsson.

Nýtt Íslandsbankaapp
Með nýja Íslandsbankaappinu sinnir þú allri helstu bankaþjónustu hvar og hvenær sem er á einum stað á einfaldan og öruggan hátt. Í appinu getur þú greitt reikninga, dreift greiðslum, séð allt um kortin þín, sótt um lán, stofnað sparnað, nálgast rafræn skjöl og margt fleira.

Vertu í hópi ánægðustu viðskiptavina í bankaþjónustu á Íslandi*
og sæktu nýja Íslandsbankaappið á islandsbanki.is/app

* samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni

JÓLIN 1925 GUÐMUNDUR KR. JÓNSSON FRÁ DYNJANDA

Jólin 1925 verða mér fyrir margra hluta sakir ógleymanleg. Ég var þá 9 ára gamall og man vel eftir jólaundirbúning og jólahaldi. En best man ég eftir gamla torfbænum sem við systkinin vorum öll fædd í en sennilega man ég þau þó best fyrir það að þetta voru síðustu jólin okkar í þessum gamla og fallega bæ því vorið eftir var hann rifinn og annar byggður í staðinn. Áður en ég lýsi jólunum ætla ég að lýsa þessum bæ fyrst. Þegar maður kom heim á hlaðið blöstu við manni burstamynduð þil. Fyrst kom hús sem hét Hjallur, í honum voru þurrkuð föt og hertur fiskur. Báðir gaflar hans voru úr trérimlum. Næst kom svo baðstofan, gafl hennar var klæddur með tjörupappa æa honum voru 2 gluggar, annar 4 rúðna og var hann á stofunni. Hinn 6 rúðna og var hann á baðstofunni þar sem allt fólkið svaf. Næst var gangþil, svo búrþilið. Í því húsi voru öll matvæli geymd og síðast skemmuþilið, þar voru geymd öll verkfæri, hnífur og orf, reiðingar og þar var allt smíðað og gert við sem aflaga fór. Þar var og geymt saltkjöt til heimilisins.

Þegar maður gekk inn í bæinn opnaði maður hurð sem var á gangþilinu og kom þá inn í löng göng. Þau munu hafa verið um 8 metra löng, rétt fyrir innan útidyrnar komu dyr til hægri og var þar inngangur í búrið. Í því var geymt allur mjölmatur og allur súrsaður matur, voru þar 2 stórar tunnur með blóðmöri. Þarna var og stórt ílát sem kallaður var sár hann hefur verið á við 2 tunnur að stærð og hann var heldur lægri en tunna en geysilega víður. Hann var geysi gamall og girtur með svigagjörðum og lokið neglt með koparnöglum. Í honum var alltaf súrsað í súru skyri sem þynnt var með drukk. Rétt innan við búrdyrnar vinstra megin komu dyr inn í stofuna. Þetta var lítið herbergi málað í ljósbláum lit en loftið hvítt. Ég man sérstaklega vel eftir hurðinni þetta var gömul skipshurð. Fyrst kom rammi sem skipt var í þrennt með 2 þverrimlum í hvorn reit, kom svo spjald sem var þykkt í miðjunni og þunnt til jarðanna sem gengu inn í rammann. Spjöldin voru blá en ramminn hvítur en mest man ég þó eftir húnunum. Þeir voru úr kopar og í laginu eins og egg nema miklu stærri. Þegar maður kom lengra inn í ganginn komu dyr til hægri og var þar gengið inn í hlóðareldhúsið. Þar var allt hangikjöt reykt og magálar og þar var geymd kæfa sem sett hafði verið í skinnbelgi og var hún ákaflega góð þegar reykingarbragð fór að koma af henni. Þarna voru hlóðir sem gríðarstór pottur stóð á en í honum var soðið allt slátur og eins hangikjötið til jólanna. Rétt fyrir innan komu dyrnar inn í eldhúsið og vinstra megin þegar komið var inn var stiginn upp á loftið. Í eldhúsinu var gömul eldavél, 1 langt borð og skápar undir matarílát og potta. Bekkur var þar sem vatnsílátin voru. Var það nokkuð stór tunna og var það verk okkar bræðranna að sækja vatnið. Hurðin fyrir eldhúsinu var nokkuð sérstæð í öðrum dyrastafnum var gat sem hjól var í, þar var dregið snæri í gegn fest efst í hurðina. Í hinn endann sem dreginn var í gegnum dyrastafinn var festur nokkuð stór steinn. Þegar opnað var dróst steinninn upp og dró svo hurðina til baka. Kom þá stór skellur og var hurðin því kölluð skellihurð. Rétt um mið göngin var hella sem var þannig sett niður að hún hreyfðist þegar stigið var á hana svo það heyrðist alltaf þegar gengið var um göngin.

Þegar komið var upp á loftið var skilrúm, til vinstri handar var baðstofunni skipt í tvennt. Þar sem uppgangurinn var voru 2 rúm sitt undir hvorri hlið. Í þeim var ekki sofið og var þar geymd ull sem vinna átti, fyrir aftan annað rúmið og yfir að milliþilinu var nokkuð stórt pláss. Þar voru geymdir sokkar, kampur, snældustólar og hesputré. Þegar komið var inn fyrir milliþilið var komið inn í aðal baðstofuna. Þar voru 6 rúm, 3 undir hvorri hlið, innsta rúmið til hægri var rúm foreldra minna. Á móti þeim svaf ein systir mín fyrir aftan hana svaf önnur systir mín og yngri bróðir minn, þá 8 ára. Á móti þeim voru svo 2 yngri systur mínar. Þar fyrir aftan eldri bróðir minn á móti honum var svo amma mín og ég. Ég svaf hjá henni til 11 ára.

Ég hef nú lýst að nokkru æskuheimili mínu fyrir 50 árum. Ég mun alltaf minnast þess með þakklæti

og söknuði, þó líf sveitadrengs á þeim árum væri tilbreytingalítið og viðburðarsnautt. Þó komu stundir sem við hlökkuðum til og nutum þegar þær komu og voru jólin okkar mesta tilhlökkunarefni og gleðihátíð. Snemma á jólaföstu fórum við að telja dagana. til jóla. Í vikunni fyrir jól var farið í kaupstað sem var út á Bíldudal. Pabbi og eldri bróðir minn fóru og bóndinn á næsta bæ, Borg. Hann hét Þórður, þá var enginn mótorbátur, heldur var farið á árabát. Það var 3 tíma verið að róa hvora leið, þá var keypt til jólanna. Það sem ég man eftir að var keypt voru rúsínur, sveskjur, súkkulaði, ávextir og kerti. Eitthvað fleira sem ég man nú ekki eftir. Tveimur dögum fyrir þorláksmessu var allt þvegið í baðstofunni og tók það 2 daga. Á þorláksmessu var alltaf

borðuð skata og þá var búr og eldhús og gangur vandlega sópuð. Svo kom aðfangadagurinn. Strax eftir hádegi fór pabbi út í hlóðareldhús og tók niður hangikjötið og brytjaði niður. Amma mín sauð það en mamma eldaði grautinn sem var þykkur grjónagrautur með rúsínum í. En eldri systur mínar skiptu um á öllum rúmum því á jólunum varð allt að vera hreint. Kl.

6var búið að gefa kúnum og láta féð í hús. Þá þvoðu allir sér og fóru í hrein föt. Svo var jólaguðspjallið lesið og pabbi las úr Vítalínsposstillu. kl. 7 var borðað og hverjum manni skammtað á disk, hangikjöt, hveitikaka og smjör. Þegar búið var að borða komu jólagjafirnar. Ég man hvað við yngri bræðurnir fengum og voru það sokkar, nýir skinnskór og hvítum eltiskinnbryddingum, 4 kerti og 1 epli. Ekki var neitt jólatré kl. 10 var drukkið súkkulaði og jólakaka. Eftir það var farið að hátta því það mátti ekki spila á aðfangadagskvöldið. Við strákarnir máttum kveikja á kertunum. Á jóladag fórum við í nýju sokkana og skóna. Það var aftur borðað hangikjöt og þykkur grjónagrautur og drukkið súkkulaði og kaffi. Þá máttum við líka spila. Við krakkarnir spiluðum marías og hjónasæng og eitthvað fleira. Fullorðna fólkið spilaði vist. Húslestur var lesinn á jóladag og eins á annan í jólum. Annar í jólum var alveg eins og jóladagurinn og voru þá jólin búin.

Ég hef nú sagt frá æskujólunum mínum í helstu dráttum. Margt ósagt enn ég var 9 ára síðan eru liðin 50 ár. Margt hefur breyst síðan og þegar ég lít til baka kemur eftst í hugann fögnuður og þakklæti til þeirra mörgu sem hafa hjálpað mér og eru vinir mínir að endingu set ég þessa stöku:

Lækkar lífdaga sól
löng er orðin mín ferð.
Fauk í farnanda skjól
fegin hvíldinni verð.

Guð minn gefðu þinn frið
gleddu og blessaðu þá
sem að lögðu mér lið
Ljósið kveiktu mér hjá.

Vestfirskir listamenn:

Gunhild Thorsteinsson

F. 15. júlí 1878 á Ísafirði. D. 1948.

Öndvegisverk: Fiskiþvottur, Sólsetur við Horn, Brúin yfir Elliðaárnar.

Hver er munur á iðn og list? Stórt spurt og sitt sýnist hvurjum. Ástæðan fyrir spurningunni er sú að þessi lína kemur oft við sögu þegar talað er um ljósmyndara. Eru þeir listamenn eða iðnaðarmenn? Í eldri söguritum eru þeir oftar en ekki flokkaðir í iðnaðardeildinni. Í dag er þó algengara að þeir flokkist sem listamenn enda er ljósmyndin list.

Einn af frumherjum ljósmyndalistarinnar er ísfirska listakonan Gunhild Augusta Thorsteinsson. Hálf dönsk einsog nafnið gefur til kynna en móðir hennar var Amelia F. V. Rasmundsdóttir Löve. Faðirinn Þorsteinn Thorsteinsson, bakari og kaupmaður, sem settist að á Ísafirði og byrjaði þar að höndla. Seinna gjörðist hann svo þingmaður Ísfirðinga þegar hann tók við sæti þjóðhetjunnar frá Hrafnseyri, 1879. Sama ár lánaði kaupmaðurinn pakkhús sitt á Silfurtorgi á Ísafirði til leiksýninga. Sýnt var leikrit heimaskáldsins Magnúsar Jochumssonar, bróður þjóðskáldsins, Brúðarhvarfið. Pakkhúseigandinn seldi veitingar milli þátta og drukku víst bæði þeir á senu sem í sal stíft. Engum sögum fer þó af leiknum. Bróðir Ameliu, Frederik, kemur frá Danmörku og sest að hjá þeim á Ísafirði hvar hann opnar ljósmyndastofu. Líklega þá fyrstu á Ísafirði. Hvort áhugi Gunhild á ljósmyndalistinni hafi vaknað þarna er ekki gott að segja en allavega siglir hún utan og innritast í nám í ljósmyndalist í Kaupmannahöfn árið 1899.

Kemur svo heim að námi loknu árið 1901 og byrjar að mynda af kappi. Einkum sérhæfir hún sig í myndum af fólki, portrett myndum, hvar fólk er uppstyllt og uppstrílað. Einnig myndar hún ýmsa merka viðburði og ferðast víða um landið ávallt með myndavélina á lofti. Margar mynda hennar eru einmitt teknar af sjó því á þessum tíma var fararskjótinn strandferðaskipin sem silgdu með fólk sem vörur millum borgar og byggðar. Árið 1905 opnar hún loks ljósmyndastofu ásamt frænku sinni Helgu Thorsteinsson, dóttur Péturs er oft er nefndur Bíldudalskóngurinn. Stofu þessa nefndu þær Gunhild Thorsteinsson & co. Húsnæðið var á Hverfisgötu og var sérstaklega byggt með starfsemina í huga. Því það var með stórum gluggum til að fá birtuna sem til þurfti til að ljósmynda enda takmarkað rafmagnið á þessum tíma. Tveimur árum síðar kvæntist Helga og eftir það eða til 1911 rak Gunhild stofuna ein. Hún var þó ekki ein að störfum því árið 1908 auglýsti hún í einu blaðanna.:

Stúlka frá góðu heimili getur fengið að læra myndasmíði í myndastofunni á Hverfisgötu 4. Gunhild Thorsteinsson.

Myndavél Gunhild var stór og mikil einsog tíkaðist þá með harmonikku ívafi. Myndirnar voru teknar á plötur en því miður hafa ekki margar þeirra varðveist eða eitthvað rétt um hundraðið. Margar tók hún portrett myndirnar af fólki en einnig af sérstæðu fólki einsog Ástar-Brandi, Sæfinni með sextán skó og Oddi sterka. Sumir mættu með bestu vini sína, gæludýrin, á ljósmyndastofuna og hafa varðveist nokkrar skemmtilegar myndir hennar af bæði hundum og köttum. Hún ferðaðist mikið og myndaði þorp, sem bæji, fólk að störfum og þekkta ferðamannastaði. Fljótlega fór hún svo að gefa myndirnar sínar út á póstkortum er hún lét prenta í Þýskalandi. Það er kannski þess vegna sem verk hennar hafa verið þjóðinni svo kunn og kær. Þó margir viti kannski ekki fyrr en þeim er sagt það að þessi og þessi ljósmynd sé eftir þennan myndasmið. Enda rita þeir ekki nafn sitt í annað horn verksins einsog kollegar þeirra í myndlistinni gera við sín listaverk.

Víst er ljósmyndin oft besta heimildin um ákveðna tíma og stund. Þekktasta mynd Gunhild er sannlega í þeim hópi. Mynd af konum við fiskþvott á stakkstæðinu á Bíldudal. Enn þegar horft er á þá mynd verður manni kalt og í raun hrýs hugur við þær vinnuaðstæður sem þá voru. Um leið gleðst maður yfir því hve okkur hefur þó fleygt fram. Það fer nefnilega ekki öllu aftur þó sumir vilji dvelja við

það heygarðshorn að allt hafi verið betra í gamla daga. Þarna sannar ljósmyndalistin tilgang sinn einsog svo oft áður. Það eru einmitt þessar myndir Gunhild af vinnandi fólki sem hafa svo sterk áhrif á okkur í dag. Einsog önnur mynd hennar er gott dæmi um. Brúin yfir Elliðaárnar, sem sýnir mann á hesti í upphafi ferðar yfir nefnda brú og á eftir teymir hann hestalest hvar síðasti klárinn ber langan og öruggulega mjög þungan tréplanka á baki sér.

Árið 1911 lokaði Gunhild ljósmyndastofunni en hélt þó áfram að mynda. Meðfram listinni vann hún fjölbreytt störf m.a. við verslun og var umboðsmaður fyrir legsteina frá firmanum Hohs Grönseth & co. Einsog með margan er dvalið hefur í Kaupmannahöfn þá togar sú borg ávallt í mann enda þar með eindæmum gott að búa. Ekki minnkaði það heldur að Gunhild var jú dönsk í móðurættina. Hún kvæntist aldrei og því fátt sem batt hana heima svo hún flutti loks til kóngsins Hafnar og þar andaðist hún.

Elfar Logi Hannesson

Jólahugvekja

Njótum jólanna

Þegar *Trölli stal jólunum* er bók, sem ég las stundum fyrir dætur mínar hér í eina tíð. Höfðum við öll gaman af bókinni. Boðskapur bókarinnar var sá að það væri ekki hægt að stela jólunum. Jafnvel þótt öllu skrautinu og gjöfunum væri stolið þá héldu jólin áfram að vera til því hinn sanni jólaandi væri í hjartanu og hann kæmi fram í jólakveðjum, söng og brosandi andlitum. Jólin eru sem sagt hugmynd, þau eru tilfinning og þess vegna er ekki hægt að stela þeim með því að nappa frá fólki öllu dótinu. Að þessu komst hann Trölli.

Gömlu íslensku jólasveinarnir líkjast honum Trölla í því að þeir vildu stela frá fólki kertum, hangiketi og öðru slíku, sem fólk þurfti á að halda til að geta haldið jólin hátíðleg í torfbæ liðinna alda. En einkum virðast þó gömlu jólasveinarnir hafa verið prakkarar, sem skemmtu sér við að geta at í mannfólkinu og húsdýrunum líka. Sá jólasveinn, sem dætrum mínum stóð mestur stuggur af, var hann Gluggagægir. Þegar hann birtist í sjónvarpinu við iðju sína í skemmtilegum þáttum, sem sýndir voru í þá daga, þá æptu þær upp og settu kodda fyrir andlitin. Hugmyndir um að einhver jólasveinn gæti legið undir rúminu þínu á baðstofuloftinu og seilst í askinn þinn og sleikt hann að innan hljóta að hafa vakið ugg í brjósti barna þess tíma.

En er hægt að stela jólunum í alvöru? Já, það er hægt. Það gerist þegar jólagleðinni er rænt úr hjarta okkar. Það getur gerst þegar það verða svo sorglegir atburðir að við finnum til í hjartanu. Missir ástvinar er dæmi þar um. Heimilisofbeldi, ofneysla áfengis eða vímuefna geta rænt fólk jólunum.

Orðið jól vekur margsvíslegar hugrenningar. Við hugsum um jólatónlist og jólamat, skemmtilegar hefðir eins og skötuna á Þorláksmessu, smákökubakstur og það að heimsækja leiði ástvinar og setja þar á skreytingu. Það er svo ótalmargt, sem tengist orðinu jól. En ef ég ætti að nefna einn hlut, sem mér finnst lýsa jólahaldinu betur en margt annað, þá myndi ég segja vinafundur. Jólin eru það þegar fjölskyldan eða bestu vinir koman saman og halda heilög jól. Jólin eru það að njóta góðrar stemmingar með ástvinum sínum og það gerir jólin svo einstök. Jólin eru það að upplifa eitthvað saman, vera saman í því að skreyta tréð, setja upp seríur, fara saman í kirkju. Jólin eru fjölskylduhátíð og það gerir þau svo yndisleg.

Þegar jólin eru hringd inn og aftansöngur hefst í kirkjum landsins þá hljóma víða Hátíðasöngvar sr. Bjarna Þorsteinssonar. Aftansöngurinn hefst á þessum tónuðu orðum: Sú þjóð, sem í myrkri gengur, sér mikið ljós. Yfir þá sem búa í landi náttmyrkranna skín ljós. Þessi texti talar til okkar Íslendinga, sem búum í landi náttmyrkra. Einmitt í svartasta skammdeginu tendrum við jólaljósin vegna þess að ljósið er tákn fyrir allt hið góða hér í heimi. Það minnir okkur á lífið hér á jörðu, sem geislar sólarinnar hafa tendrað í gróðurmoldinni og hafinu. Ljósið er einnig tákn fyrir Krist og kærleikann.

Ef það er myrkur í huga þínum, depurð eða vonleysi þá vil ég benda þér á að boðskapur jólanna er sá að þú sért ekki einn eða ein. Heldur ert þú elskuð og elskaður af Guði. Svo elskaði Guð heiminn að hann gaf einkason sinn. Boðskapur jólanna er sá að við séum öll ein stór fjölskylda, við séum öll guðsbörn. Jólin flytja okkur þann boðskap að við ættum öll að sýna hvert öðru kærleika. Og þetta verður ekki frá okkur tekið.

Kæri lesandi, njóttu jólanna. Tendraðu ljós á kerti, hlustaðu á tónlist, lestu eitthvað fallegt og göfgandi og hugsaðu um allt það fólk, sem þú hefur kynnst, alla þá, sem hafa gert þér gott fyrr og síðar. Og rifjaðu upp gömul jól, löngu liðin jól. Og þakkaðu Guði fyrir að fá lifa enn ein jól. Þá er ég viss um að hinn sanni andi jólanna muni búa í brjósti þínu. Guð gefi þér og þínum gleðileg jól.

Magnús Erlingsson,
sóknarprestur á Ísafirði.

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

KVEIKJUM Á PERUNNI

Rafiðnaðarsamband Íslands sendir jóla- og baráttukveðjur til allra landsmanna á nýju ári.

Kveikjum á perunni og krefjumst hærri launa, styttri vinnutíma og húsnæðis fyrir alla!

Rafiðnaðarsamband Íslands í 50 ár

Rafiðnaðarsamband Íslands er stoltur bakhjarl UN Women

UN WOMEN United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women

Aðildarfélög sambandsins:

56 %
DÖKKT
SÚKKULAÐI

NÝTT HRAUN

Nýtt Hraun með 56% dökku súkkulaði.
Þú verður að prófa!

GÓÐGÆTI FRÁ GÓU

Góa
Stofnað 1968

HREINT, ÓSPILLT OG UMHVERFISVÆNT SAMFÉLAG?

Í Súðavíkurhreppi er þessa dagana verið að vinna tillögur að aðalskipulagi. Margt kemur fram í þeim tillögum um ósnortna náttúru og áherslur á sjálfbærni í sveitarfélaginu. Það tengist markaðssetningu á þeirri ímynd Vestfjarða sem unnið er að á sameiginlegum vettvangi vestfirskra sveitarfélaga, Vestfjarðastofu, sem Súðavíkurhreppur er aðili að. Snúa áherslur í sameiginlegri markaðssetningu svæðisins m.a. að hreinu umhverfi, óspilltri náttúru, umhverfisvænu samfélagi og atvinnulífi sem ástundi sjálfbærni og heiðarlega viðskiptahætti. Þá segir meðal annars á vef stofunnar „Vestfjarðastofa starfar náið með sveitarfélögunum á svæðinu að umhverfismálum, enda hafa Vestfirðir einsett sér að standa framarlega í umhverfismálum. Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa meðal annars unnið sér inn silfurvottun umhverfissamtakanna Earth Check. Vestfjarðastofa heldur utan um þá vottun með verkefninu Umhverfisvottun Vestfjarða“. Einnig er vert að minnast á metnaðarfulla yfirlýsingu „Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Vestfjörðum í umhverfislegu og félagslegu tilliti“ sem Súðavíkurhreppur er hluti af og var undirrituð 2017.

Áhugavert er að velta fyrir sér hvernig öll fögru fyrirheitin samræmast starfsemi á Garðstöðum í Ögurvík sem er hluti Súðavíkurhrepps. Í tillögu að aðalskipulagi Súðavíkurhrepps er lagt til að jörðin Garðstaðir verði gerð að iðnaðarsvæði til að koma til móts við vilja umráðamanns jarðarinnar sem þar hefur rekið mengandi starfsemi án tilskilinna leyfa um langt árabil. Með breytingu á skipulagi verði honum gert kleift að festa endanlega í sessi starfsemi sína sem byggir á ruslasöfnun á jörðinni. Starfsemin á Garðstöðum hefur alla tíð verið utan við starfsleyfi og mengunarvarnir og er verulega mengandi. Áætluð aðgerð er í algjöru ósamræmi við meginmarkmið aðalskipulags og stenst ekki lög. Tillagan er á skjön við þá umhverfisvitund sem hæfir nútíma samfélagi, passar ekki því sveitarfélagi og íbúum sem vilja ganga í takt við samtíma sinn. Með samþykkt tillögunnar yrði fjöður dregin yfir ljóta og langa sögu mengandi starfsemi sem hefur viðgengist án starfsleyfa og mengunarvarna. Þjónkun við slíkan málstað er ekki réttlætanleg og er nú mál að linni meðvirkni með starfsemi sem mengar umhverfið og spillir sameiginlegri markaðssetningu Vestfjarða.

Ruslasöfnun á Garðstöðum hefur staðið yfir með skipulögðum hætti allt frá árinu 1997 og vaxa umsvif og hrikaleg ásýnd staðarins ár frá ári. Mikil vakning í umhverfisvitund íbúa hefur orðið á liðnum áratugum, vonandi líka hjá sveitarstjórn Súðavíkurhrepps og í öðrum sveitarfélögum Vestfjarða. Það fólk sem heldur um stjórn Súðavíkurhrepps í dag verður ekki sakað um aðgerðarleysi fortíðarinnar, ber hins vegar í dag ábyrgð á nútíð og framtíð og grípur vonandi til viðeigandi aðgerða í nafni umhverfisverndar og fagurra fyrirheita í nafni Vestfjarða sem samfélags.

Guðmundur Halldórsson frá Ögri

Óskum Vestfirðingum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Þökkum góð samskipti og viðskipti á árinu sem er að líða.

Bæjarstjórn og starfsfólk Bolungarvíkurkaupstaðar.

BOLUNGARVÍK

Gleðileg jól og farsælt komandi ár
– þökkum viðskiptin á árinu

Tálknafjarðarhreppur

ÞÖRUNGAVERKSMIÐJAN HF.

Góa
Stofnað 1968

Ísafjarðarbær

Reykhólahreppur

Vesturbyggð

VESTFJARÐABÆKURNAR 2019



Vestfjarðabækurnar eru hvorki stórkostlegar né einstakar. En þær leyna á sér!





Vestfirska forlagið

Upp með Vestfirði!
Pantanir: 456-8181- jons@snerpa.is
www.vestfirska.is

VESTFIRÐIR

3.400 eintök á öll heimili og fyrirtæki á Vestfjörðum

14. tölublað
8. árgangur

Miðnætursólin stendur upp úr

Þegar litið er yfir menningarlífið á Vestfjörðum á árinu sem senn er liðið verður er áberandi hversu fjölbreytt það var. Það er ekki að sjá að Vestfirðir séu samfélag sem hafi verið í vörn um árabil og hefur mátt búa við stöðugan brottflutnings fólks með tilheyrandi vandkvæðum í félagslífi. Eiginlega má segja öðru nær. Þrátt fyrir að margir hafi farið sem lögðu sitt af mörkum og vel það til þess að viðhalda góðu mannlífi og þar með talið lifandi menningarlífi dregur ekkert úr miklu framboði af menningarefni.

Nærtækast er að nefna öflugt leiklistarlíf í Strandasýslu sem hefur enn eitt árið sýnt góð verk heimamönnum og nærsveitungum til ánægju. Menningin virðist ekki spyrja um stöðu byggðar, það eru alltaf nýir sem fylla í skörðin og vinna þrekvirki hver á sínu sviði sem gera samfélögin áfram að ánægjustað. Ísafjörður heldur áfram að vera flaggskip vestfirskrar menningar og kjölfesta vestfirskrar byggðar.

Það sem kannski stendur upp úr þetta árið og kemur utan að er heimsókn úkraínsku kammersveitarinnar Kyiv Soloists til Bolungavíkur í sumar á tónlistarhátíðarinnar Miðnætursól. Hátíðin var framúrskarandi tónlistarviðburður og eiga forsvarsmenn Bolungavíkurkaupstaðar með bæjarstjórann Jón Pál Hreinsson mikið hrós skilið fyrir framtakið. Ekki spillti fyrir að Selvadore Rähni tónlitarkennari í Bolungavík spilaði með úkraínsku snillingunum og var fyllilega jafnoki þeirra.

Um gæði tónleikana er best að vitna til orða Kjartans Sigurjónssonar, fyrrverandi organista í Ísafjarðarkirkju og frá var sagt á Bæjarins besta: „Masterklass“ og þurfti ekki fleiri orð til þess að lýsa hrifningu sinni. Sem oftar stóð Miðnætursólin upp úr þetta árið